# Samgöngur, fjarskipti og fjármál sveitarfélaga

## Ályktun Haustþings
## Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

**Varmalandi**

**15. október 2026**

# VEGAMÁL

**Ályktanir**

- Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að setja viðhald og endurbætur núverandi vegakerfis á Vesturlandi í forgang. Tryggt verði aukið fjármagn til að bæta ástand vega, styrkja vegburð, endurnýja slitlag og auka umferðaröryggi. Þingið kallar sérstaklega eftir því að Vegagerðin geri heildstæða, tímasetta og fjármagnaða viðhaldsáætlun fyrir vegi á Vesturlandi sem verði birt opinberlega.
- Haustþing SSV leggur áherslu á að við fjármögnun nýrra samgönguframkvæmda verði gætt jafnræðis, gagnsæis og hóflegrar gjaldtöku. Í kjölfar stofnunar innviðafélagsins Göng og brú ehf. verði vandað til undirbúnings framkvæmda og arðsemiskröfur metnar með það að markmiði að tryggja hófleg veggjöld. Þingið hafnar því að lögð verði aftur veggjöld á eldri vegi eða göng sem þegar hafa verið greidd upp með veggjöldum.
- Haustþing SSV ítrekar að allar ályktanir Haustþings SSV 2025 um vegamál standi enn. Þingið leggur áfram áherslu á að Vesturland fái sanngjarnan hlut í fjárveitingum til vegamála og að tryggður verði framgangur þeirra mikilvægu framkvæmda sem þar eru tilgreindar, í samræmi við Samgönguáætlun Vesturlands.

**Rökstuðningur**

Ástand vegakerfisins á Vesturlandi hefur víða versnað vegna ónógs viðhalds á sama tíma og umferð hefur aukist, ekki síst vegna þungaflutninga, atvinnustarfsemi og ferðaþjónustu. Slitnir vegir, skemmdir vegkantar og ónógur vegburður skapa hættu fyrir vegfarendur og auka kostnað íbúa og atvinnulífs.

Vegakerfi Vesturlands er um 1.849 km að lengd og nemur um 14,3% af vegakerfi landsins samkvæmt Vegaskrá 2025. Mikilvægt er að fjárveitingar endurspegli bæði umfang vegakerfisins og raunverulega viðhaldsþörf. Tímabærar endurbætur draga jafnframt úr þörf fyrir kostnaðarsamari viðgerðir síðar og varðveita verðmæti samgöngumannvirkja.

Nýtt fyrirkomulag við fjármögnun samgönguframkvæmda má ekki leiða til ósanngjarnrar kostnaðarbyrði fyrir íbúa og fyrirtæki á landsbyggðinni, þar sem vegalengdir eru miklar og valkostir í samgöngum takmarkaðir.

**Mikilvægustu aðgerðir**

Haustþing SSV skorar á stjórnvöld og Vegagerðina að:

1. Gera ástandsmat og viðhaldsáætlun fyrir stofn- og tengivegi á Vesturlandi, með forgangsröðun verkefna, kostnaðaráætlun og tímasetningum, og birta niðurstöðurnar opinberlega.
2. Ráðast í brýnar endurbætur á fjölförnum samgönguæðum, einkum Snæfellsnesvegi (54) og Vestfjarðavegi (60), þar sem vegburður, slitlag og vegkantar eru víða ófullnægjandi.
3. Efla viðhald og þjónustu á tengivegum, einkum í dreifbýli Borgarfjarðar og Dala, og bæta vetrarþjónustu og öryggi á vegum sem þjóna skólaakstri, atvinnusókn og völuflutningum.

4. Tryggja framgang mikilvægra framkvæmda sem tilgreindar eru í ályktunum 2025, meðal annars við Skógarstrandarveg, Uxahryggjaveg, Laxárdalsheiði, Vesturlandsveg, Hvalfjarðargöng og Sundabraut.
5. Móta skýrar reglur um veggjöld vegna nýframkvæmda, þar sem gætt verði jafnræðis milli landshluta og tekið mið af áhrifum gjaldtöku á íbúa og atvinnulíf.

## ALMENNINGSSAMGÖNGUR

**Ályktanir**

- Haustþing SSV skorar á innviðaráðherra, Alþingi og Vegagerðina að tryggja almenningssamgöngum á Vesturlandi traustan rekstrargrundvöll, þannig að þær mæti þörfum íbúa með öruggri, áreiðanlegri og hagkvæmri þjónustu. Þingið leggst gegn skerðingu á þjónustu og leggur sérstaka áherslu á að bæta tengingar milli byggðarlaga, fjölga ferðum og tryggja sanngjörn fargjöld.
- Haustþing SSV leggur áherslu á mikilvægi Breiðafjarðarferjunnar Baldurs fyrir byggðir við Breiðafjörð og tengingar Vesturlands og Vestfjarða. Þingið telur brýnt að þegar verði hafinn undirbúningur að smíði nýrrar ferju og uppbyggingu viðeigandi þjónustuaðstöðu í Stykkishólmi. Jafnframt telur þingið ekki sjálfgefið að Baldur gegni hlutverki varaferju fyrir Herjólf.
- Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að tryggja fjármagn til áframhaldandi þróunar farþegaferjusamgangna milli Akraness og Reykjavíkur og veita verkefninu nægilegt svigrúm til undirbúnings, reynslureksturs og mats á framtíðarforsendum.

**Rökstuðningur**

Almenningssamgöngur eru mikilvægur þáttur í búsetuskilyrðum, aðgengi að grunnþjónustu og sjálfbærum samgöngum. Þær skipta sérstaklega máli fyrir námsmenn, ungt fólk, launafólk og íbúa sem ekki hafa aðgang að einkabíl. Fyrirhugaður niðurskurður framlaga til almenningssamgangna og áform um að leggja niður leið 81 í Borgarbyggð ganga gegn þörfinni fyrir bætta þjónustu.

Ungmennaráð Vesturlands hefur sérstaklega kallað eftir tíðari ferðum, betri kvöld- og helgarþjónustu og hagstæðari fargjöldum. Þá hafa afboðanir ferða vegna framkvæmda og lokana á vegakerfinu sýnt hversu viðkvæm þjónustan er þegar ferðir eru fáar og aðrir ferðamöguleikar takmarkaðir.

Ferjusamgöngur gegna einnig mikilvægu hlutverki. Baldur er nauðsynleg samgöngutenging fyrir íbúa og atvinnulíf við Breiðafjörð, en farþegaferja milli Akraness og Reykjavíkur gæti aukið ferðamöguleika, stutt við atvinnusókn og ferðaþjónustu og dregið úr álagi á vegakerfið.

**Mikilvægustu aðgerðir**

Haustþing SSV skorar á stjórnvöld og viðeigandi samgönguaðila að:

1. Tryggja rekstur og þróun almenningssamgangna á Vesturlandi með nægilegu fjármagni og endurskoðun leiðakerfis og tíðni ferða, sérstaklega með tilliti til þarfa námsmanna og ungs

fólks. Afar brýnt er að Vegagerðin hefji að nýju akstur á leið 81 í Borgarbyggð til þess að tryggja samfellda þjónustu almenningssamgangna í byggðarlaginu.

2. Bæta áreiðanleika og öryggi þjónustunnar, meðal annars með skýrum viðbragðsáætlunum vegna vegaframkvæmda, lokana vega og annarra truflana, þannig að farþegar hafi aðgang að tímanlegum upplýsingum og raunhæfum ferðamöguleikum.
3. Hefja undirbúning að nýrri Breiðafjarðarferju, ásamt nauðsynlegri hafnar- og þjónustuaðstöðu í Stykkishólmi, og skilgreina framtíðarhlutverk ferjunnar, þjónustukröfur og fjármögnun.
4. Tryggja fjármagn til reynslureksturs farþegaferju milli Akraness og Reykjavíkur, með skýrri áætlun um rekstur, farþegafjölda, tengingar við aðrar almenningssamgöngur og mat á samfélagslegum ávinningi.
5. Efla samráð við sveitarfélög og notendur almenningssamgangna við skipulag þjónustunnar og forgangsröðun úrbóta.

## HAFNAMÁL

**Ályktanir**

- Haustþing SSV fagnar því að töluverður hluti forgangsverkefna í Samgönguáætlun Vesturlands varðandi hafnir á Snæfellsnesi hafi verið tekinn inn í samgönguáætlun ríkisins 2026–2040, en skorar jafnframt á stjórnvöld að tryggja framgang þeirra verkefna með nauðsynlegum fjárveitingum. Þingið tekur jafnframt undir ábendingar Hafnasambands Íslands um að framlög til Hafnabótasjóðs verði aukin verulega í samræmi við raunverulega viðhalds- og uppbyggingarþörf hafna.
- Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að efla sjóvarnir og varnir gegn landrofi með auknu fjármagni, markvissri forgangsröðun og langtímaáætlun. Jafnframt verði endurskoðað hvort fjármögnun sjóvarna eigi fremur að byggjast á sambærilegum forsendum og varnir gegn ofanflóðum, enda er í báðum tilvikum um að ræða varnir gegn náttúruvá.

**Rökstuðningur**

Hafnir eru mikilvægir grunninnviðir fyrir atvinnulíf, vöruflutninga, sjávarútveg, ferjusamgöngur og ferðaþjónustu á Vesturlandi. Viðhaldsþörf hafnamannvirkja er veruleg en framlög ríkisins hafa ekki fylgt henni eftir. Samkvæmt umsögn Hafnasambands Íslands frá febrúar 2026 lækkuðu framlög til Hafnabótasjóðs um samtals 244 milljónir króna á árunum 2023–2026 og frekari lækkun er fyrirhuguð á tímabilinu 2026–2030. Þetta takmarkar möguleika hafna til nauðsynlegs viðhalds og uppbyggingar.

Vesturland hefur jafnframt langa strandlengju þar sem ágangur sjávar og landrof ógna byggð, mannvirkjum og atvinnustarfsemi. Hækkandi sjávarstaða og áhrif loftslagsbreytinga kalla á aukinn viðbúnað og markvissari sjóvarnir. Núverandi fyrirkomulag fjármögnunar þarf að endurskoða með hliðsjón af vaxandi þörf fyrir varnir gegn náttúruvá.

**Mikilvægustu aðgerðir**

Haustþing SSV skorar á innviðaráðherra, Alþingi og viðeigandi stjórnvöld að:

1. Tryggja fjármögnun forgangsverkefna í höfnum á Snæfellsnesi, meðal annars í höfnum Snæfellsbæjar, Grundarfjarðar og Stykkishólms, í samræmi við Samgönguáætlun Vesturlands og samgönguáætlun ríkisins.
2. Auka framlög til Hafnabótasjóðs og móta fjármögnun sem tekur mið af raunverulegri viðhaldsþörf hafna, uppsafnaðri viðhaldsskuld og nauðsynlegri uppbyggingu hafnamannvirkja.
3. Styðja við endurbætur á öðrum mikilvægum hafnarmannvirkjum Vesturlands, einkum fyrirhugaða landfyllingu og breikkun aðalhafnargarðs á Akranesi og endurbætur á aðstöðu smábáta við Skarðsstöð í Dalabyggð.
4. Gera tímasetta sjóvarnaáætlun fyrir Vesturland, byggða á áhættumati og forgangsröðun þeirra svæða þar sem sjávarflóð, landrof og ágangur sjávar ógna byggð og mannvirkjum.
5. Endurskoða fjármögnun sjóvarna og kanna hvort færa eigi sjóvarnir undir sérstakt fjármögnunarfyrirkomulag vegna náttúruvár, sambærilegt við varnir gegn ofanflóðum.

---

## FLUGVELLIR

**Ályktun**

- Haustþing SSV leggur áherslu á að tryggt verði nauðsynlegt viðhald og endurbætur á flugvöllum og lendingarstöðum á Vesturlandi, með hliðsjón af mikilvægu hlutverki þeirra fyrir almannavarnir, sjúkraflug og björgunarstörf. Jafnframt hvetur þingið til þess að skoðaðir verði möguleikar á aukinni nýtingu flugmannvirkja á Vesturlandi, meðal annars til flugkennslu, æfingaflugs og annarrar starfsemi sem samræmist öryggis- og þjónustuhlutverki þeirra.

**Rökstuðningur**

Flugvellir og lendingarstaðir á Vesturlandi gegna mikilvægu öryggishlutverki, meðal annars vegna fjarlægða, veðuraðstæðna og umfangsmikillar starfsemi á sjó við Faxaflóa og Breiðafjörð. Sérstaklega skiptir máli að tryggja aðstöðu fyrir þyrlur og björgunaraðila á Snæfellsnesi.

Betri nýting núverandi flugmannvirkja getur jafnframt skapað tækifæri til aukinnar starfsemi án umfangsmikillar nýfjárfestingar.

**Mikilvægustu aðgerðir**

Haustþing SSV skorar á ríkið og viðeigandi samgönguaðila að:

1. Tryggja viðhald og endurbætur á lendingarstöðum, einkum endurnýjun slitlags á Stóra-Kroppi og nauðsynlegar endurbætur á flugvellinum á Rifi.
2. Tryggja öryggishlutverk flugvallarins á Rifi, meðal annars með áframhaldandi aðgengi björgunarþyrlna að eldsneyti og fullnægjandi aðstöðu til millilendinga vegna björgunar- og neyðarverkefna.

---

## FJARSKIPTAMÁL

**Ályktanir**

- Haustþing SSV fagnar þeim árangri sem náðst hefur við uppbyggingu fastnets á Vesturlandi á undanförnum árum og þeim áformum að ljósleiðaratengingar nái til allra þéttbýlisstaða í landshlutanum á næstunni. Þingið leggur áherslu á að áfram verði tryggð uppbygging og öryggi fjarskiptainnviða, ekki síst á svæðum þar sem náttúruvá getur haft áhrif á fjarskiptaþjónustu.
- Haustþing SSV leggur áherslu á að öruggt og nothæft farnet sé grunnforsenda búsetu, atvinnustarfsemi, ferðaþjónustu, almannaöryggis og viðbragðsgetu á Vesturlandi. Þetta á ekki síst við í dreifðum byggðum, á vegum og ferðamannastöðum og þar sem náttúruvá eða erfiðar aðstæður geta kallað á skjót viðbrögð.
- Haustþing SSV leggur áherslu á að við endurskoðun stefnu stjórnvalda í fjarskiptum verði sérstaklega fjallað um hvernig skilgreina og mæla eigi raunverulega farnetsþjónustu utan þéttbýlis og hvernig haga skuli samstarfi og fjármögnun úrbóta þar sem samfélagsleg þörf er fyrir hendi en hefðbundnar markaðsforsendur nægja ekki.
- Haustþing SSV leggur áherslu á að tryggt verði fullnægjandi áfallaþol fjarskiptainnviða á Vesturlandi, meðal annars með viðunandi varaafli á mikilvægum sendistöðum, öruggum bakleiðum og tvítengingum þar sem þess er kostur. Sérstaklega verði horft til svæða þar sem fjarskipti geta rofnað við rafmagnsleysi, óveður eða aðrar náttúruhamfarir og þar sem slíkt rof getur haft veruleg áhrif á almannaöryggi og viðbragðsgetu.

**Rökstuðningur**

Háhraðanettengingar eru hluti af grunninnviðum samfélagsins og mikilvæg forsenda búsetu, atvinnustarfsemi og samskipta. Þróun ljósleiðarauppbyggingar á Vesturlandi hefur verið jákvæð, en áfram þarf að huga að fjarskiptaöryggi, meðal annars á svæðum nærri jarðskjálftavirkni í Ljósufjallakerfinu þar sem fjarskiptasamband er víða takmarkað þrátt fyrir búsetu, frístundabyggð og umferð.

Frá sveitarfélögum og íbúum á Vesturlandi hafa borist ábendingar um að farnetssamband hafi víða versnað eftir útfösun 2G- og 3G-kerfa. Áður en endanlegar ályktanir eru dregnar um orsök og umfang þarf að staðreyna stöðuna með samanburðarhæfum mælingum og greina á milli langvarandi skorts á þjónustu og breytinga sem rekja má til tækniskiptanna.

Haustþing SSV fagnar því að Fjarskiptastofa hafi hafið samanburðarmælingar á útbreiðslu og gæðum farnetsþjónustu. Mikilvægt er að niðurstöðurnar verði birtar þannig að sjá megi stöðu einstakra landshluta, vegarkafla og annarra samfélagslega mikilvægra svæða. Við matið verði ekki aðeins horft til reiknaðra útbreiðslukorta heldur einnig til raunverulegrar virkni tal- og gagnaþjónustu, möguleika á að ná sambandi við 112 og, eftir atvikum, reynslu íbúa, fyrirtækja og viðbragðsaðila.

**Mikilvægustu aðgerðir**

Haustþing SSV skorar á innviðaráðuneytið, Fjarskiptastofu og farnetsrekendur að vinna, í samráði við sveitarfélög og viðbragðsaðila eftir því sem við á, að eftirfarandi:

1. Kortleggja stöðu farnetsþjónustu á Vesturlandi með mælingum, meðal annars á stofn- og tengivegum, í dreifðum byggðum, á fjölförnum ferðamannastöðum og útivistarsvæðum og, eftir því sem við á, á strandsvæðum og siglingaleiðum, til dæmis á Breiðafirði, þar sem öryggis-, atvinnu- og almannavarnasjónarmið kalla á traust fjarskiptasamband.
2. Birta niðurstöður mælinga og úrvinnslu ábendinga opinberlega, ásamt skýrri greiningu á því hvar þjónusta hefur versnað, hvar um langvarandi skort á þjónustu er að ræða og hvar gildandi þjónustu- og útbreiðslukröfur eru ekki uppfylltar.
3. Gera forgangsraðaða áætlun um úrbætur á Vesturlandi, þar sem fram komi hvaða tæknilegar úrbætur eru fyrirhugaðar, hver beri ábyrgð á þeim og hver áætlaður framkvæmdartími sé.
4. Beita markvissum og hagkvæmum úrræðum til úrbóta, svo sem fínstillingu farneta, uppfærslu sendastaða, nýtingu langdrægra tíðnisviða, samnýtingu innviða og uppbyggingu nýrra sendastaða þar sem þess er þörf.
5. Tryggja skýra leið fyrir opinbera aðkomu þar sem markaðsforsendur duga ekki, meðal annars með gagnsærri og fyrirsjáanlegri samfjármögnun grunninnviða á samfélagslega mikilvægum svæðum. Þáttur í því væri fjármögnun uppbyggingar farnets á tengivegum á grundvelli nýrra áherslna í samgönguáætlun þar að lútandi, en ekki aðeins á stofnvegum.
6. Meta og prófa svæðisbundið áhrif framtíðarútfösunar eða meiri háttar breytinga á fjarskiptakerfum áður en breytingum er lokið, með sérstakri áherslu á neyðarsímtöl, viðkvæman búnað og raunverulega þjónustu við notendur.
7. Stuðla að því að tækni sem gerir farsímum kleift að eiga bein samskipti um gervihnetti verði innleidd hér á landi eins fljótt og auðið er, enda gæti slík tækni leyst margar áskoranir varðandi aðgengi að farneti á landi og sjó.
8. SSV safni eins nákvæmum og staðsettum ábendingum og kostur er frá aðildarsveitarfélögum um ófullnægjandi farsímasamband. Upplýsingarnar verði flokkaðar eftir staðsetningu, vegarkafla eða svæði, tegund þjónustu, tíðni vandans og mögulegum áhrifum á öryggi og atvinnustarfsemi og afhentar Fjarskiptastofu og farnetsrekendum til frekari greiningar.

## FJÁRMÁL SVEITARFÉLAGA OG SAMSKIPTI VIÐ RÍKIÐ

**Ályktanir**

- Haustþing SSV tekur undir ályktun Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum og skorar á stjórnvöld að tryggja jafnræði í orkukostnaði milli landsvæða, meðal annars með stuðningi við rafkyndingu sveitarfélaga og fyrirtækja og endurgreiðslu virðisaukaskatts af varmadælum og öðrum orkusparandi lausnum.
- Haustþing SSV leggur til að sveitarfélög verði undanþegin virðisaukaskatti af starfsemi sinni, sérstaklega vegna innviðaframkvæmda og lögbundinnar þjónustu.
- Haustþing SSV leggur áherslu á að traust ríki í samskiptum ríkis og sveitarfélaga og að lögfest verði í sveitarstjórnarlögum að ekki megi fela sveitarfélögum ný verkefni eða auknar skyldur án þess að kostnaðaráhrif hafi verið metin og full fjármögnun tryggð.

- Haustþing SSV tekur undir ályktun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um þjónustu við börn með fjölþættan vanda og skorar á ríkið að standa við samkomulag um ábyrgðar- og kostnaðarskiptingu og tryggja að skilgreining þjónustuhópsins takmarki ekki aðgengi barna að nauðsynlegri þjónustu.

**Rökstuðningur**

Sveitarfélög þurfa stöðuga og fjölbreytta tekjustofna til að standa undir lögbundinni þjónustu og uppbyggingu innviða. Auknar skyldur hafa ekki alltaf fylgt fullnægjandi fjármögnun og virðisaukaskattur af framkvæmdum takmarkar ráðstöfunarfé sveitarfélaga.

Á köldum svæðum bera sveitarfélög og fyrirtæki verulegan kostnað vegna rafkyndingar án sambærilegs stuðnings og íbúðarhúsnæði. Jöfnun orkukostnaðar og stuðningur við orkusparandi lausnir stuðla að jafnræði milli landsvæða og hagkvæmari rekstri.

Í ályktun sem samþykkt var á Landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga 25. september sl. var fjallað um samskipti ríkis og sveitarfélaga þar sem kom fram að það sé mikilvægt að það ríki traust og gagnkvæmur skilningur í samskiptum þeirra. Haustþing SSV tekur undir það sem kemur fram í þeirri ályktun og leggur áherslu á að lögfest verði í sveitarstjórnarlögum að ekki megi fela sveitarfélögum ný verkefni eða auknar skyldur án þess að kostnaðaráhrif hafi verið metin og full fjármögnun tryggð.

Ágreiningur hefur komið upp milli ríkis og sveitarfélaga um framkvæmd samkomulags um þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Samband íslenskra sveitarfélaga telur að ný reglugerð þrengi þann hóp barna sem samkomulagið nær til og geti þannig fært ábyrgð og kostnað aftur til sveitarfélaganna. Mikilvægt er að eyða þessum ágreiningi og tryggja að börn fái þjónustu í samræmi við þarfir sínar.

**Mikilvægustu aðgerðir**

Haustþing SSV skorar á ríkisstjórn og Alþingi að:

1. **Jafna orkukostnað á köldum svæðum** með því að útvíkka stuðning við rafkyndingu til sveitarfélaga og fyrirtækja, tryggja endurgreiðslu virðisaukaskatts af varmadælum og orkusparandi lausnum og að tekjur af jöfnunargjaldi raforkudreifingar nýtist að fullu til ætlaðs tilgangs.
2. **Endurskoða virðisaukaskattsumhverfi sveitarfélaga** með það að markmiði að undanþiggja starfsemi þeirra virðisaukaskatti, sérstaklega innviðaframkvæmdir og lögbundna þjónustu.
3. **Lögfesta skýrar reglur um kostnaðarmat og fjármögnun nýrra verkefna sveitarfélaga** og skýra ábyrgðar- og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.
4. **Tryggja efndir samkomulags um þjónustu við börn með fjölþættan vanda**, endurskoða umdeilda afmörkun þjónustuhópsins í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og tryggja skýra ábyrgðarskiptingu og fjármögnun þjónustunnar.